

## AUGLÝSING

um vörur sem heimilt er að flytja út án útflutningsleyfa.

### 1. gr.

Samkvæmt heimild í 8. gr. rg. nr. 519/1979 um skipan gjaldeyris og viðskiptamála hefur viðskiptaráðuneytið ákveðið að útflutningur á vörum, sem flokkast undir eftirtalin númer íslensku tollskrárinnar, verði undanþeginn leyfi ráðuneytisins:

15.04  
17.04  
18.06  
19.07 — 19.08  
20.05 — 20.07  
21.02 — 22.10  
25.01 — 40.16  
41.02 — 99.06

Ákvæði 1. mgr. nær einungis til innlendra iðnaðarvara en ekki til iðnaðarvara, sem eru endurútfluttar.

### 2. gr.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1984.

*Viðskiptaráðuneytið, 22. desember 1983.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Pórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1984 o. fl.

### 1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1984. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí.

### 2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 12,6% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1983.

### 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1984 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

### 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög á milli áranna 1982 og 1983 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1983 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1982 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 50%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á

að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástaður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1984 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1983.*

**Albert Guðmundsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Hitaveitu Hveragerðis.

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1.1. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Hveragerðishrepps.

##### 1.2. Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps fer með stjórn Hitaveitu Hveragerðis og skipar 5 manna nefnd fyrir hitaveitu og vatnsveitu. Þegar þörf þykir á að mati hreppsnefndar skal skipaður sérstakur hitaveitustjóri.

##### 1.3. Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Hveragerðis hefur innan hreppsmarkanna einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni, með þeim takmörkunum, sem um getur í 2. og 7. grein samnings landbúnaðaráðuneytisins og hreppsnefndar Hveragerðis frá 16. maí 1952 um not jarðhita í Hveragerðishreppi og síðustu málsgrein þessarar greinar. Þó getur hreppsnefnd heimilað einstaklingum eða félögum að annast byggingu og rekstur fjarhitunarkerfis á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

##### 1.4. Utanhússlagnir.

Hreppsnefnd lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús, sbr. þó 1. mgr. liðar 1.3.